



## *Orkustofnun gjörir kunnugt:*

að samkvæmt 1. mgr. 18. gr. raforkulaga nr. 65/2003, er hér með

### *ON Power ohf.*

veitt leyfi til að stunda raforkuviðskipti

Leyfi þetta er veitt á grundvelli þeirra gagna er fylgdu leyfisumsókninni

*Orkustofnun, 11. maí 2021*

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Guðni A. Jóhannesson', written over a horizontal line.

Guðni A. Jóhannesson

Leyfisnúmer/málsnúmer: OS-2021-L011-01/OS2020120052

ON Power ohf.  
Bæjahálsi 1  
110 Reykjavík

Reykjavík, 11. maí 2021  
Tilvísun: OS2020120052/10.5  
Verknúmer: 435 3040

**Efni: Fylgibréf - Leyfi til að stunda raforkuviðskipti skv. 18. gr. raforkulaga nr. 65/2003**

Orkustofnun barst tölvupóstur dags. 27. janúar 2021 frá Orkuveitu Reykjavíkur [OR] þar sem fram kemur að við rýni á heimasíðu Orkustofnunar sé hvergi að finna söluleyfi fyrir ON Power ohf. (áður Orka náttúrunnar ohf., kt. 521213-0190).

Í svari Orkustofnunar dags. 4. febrúar 2021 er tilgreint að við breytingu á starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur á árinu 2014 hafi Orkustofnun heimilað framsal leyfa frá OR til Orku Náttúrunnar ohf. með erindi dags. 3. mars 2014. Enn fremur kemur fram í svari Orkustofnunar að hún hafi í hyggju að gefa út nýtt leyfi til ON Power ohf.

Í 1. mgr. 18. gr. raforkulaga nr. 65/2003 kemur fram að leyfi Orkustofnunar þurfi til þess að stunda raforkuviðskipti. Slíkt leyfi felur hvorki í sér sérleyfi né önnur sérréttindi handa leyfishafa og verður aðeins veitt sjálfstæðum lög- og skattaðila. Þá kemur fram í ákvæðinu að umsækjandi skuli sýna fram á fjárhagslegan styrkleika til að efna skuldbindingar vegna starfseminnar. Í 29. gr. reglugerðar nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga eru skilyrði leyfis útfærð nánar en þar kemur fram að sölufyrirtæki skuli hafa eigið fé sem nemur að lágmarki kr. 15.000.000. Að auki kemur fram að sölufyrirtæki skuli gera áætlun til 36 mánaða í senn um umfang orkusölu og hvernig það muni útvega raforku til þess að standa við orkusölusamninga.

Um er að ræða endurútgáfu á söluleyfi vegna uppskiptingar hjá Orku náttúrunnar ohf. og nafnabreytingu á fyrirtækinu úr ON í ON Power ohf., án neinna breytinga á kennitölu fyrirtækisins. Þar sem um endurútgáfu að ræða er það mat Orkustofnunar að ON Power ohf. uppfylli öll skilyrði 1. mgr. 18. gr. raforkulaga nr. 65/2003 og 29. gr. reglugerðar nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga. Þar sem um endurútgáfu er að ræða er ekki gerð krafa um greiðslu gjalds vegna leyfisveitingarinnar samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 33. gr. raforkulaga nr. 65/2003.

Með vísan til framangreinds er ON Power ehf. kt. 521213-0190, hér með veitt endurútgefið leyfi vegna nafnabreytingu til þess að stunda raforkuviðskipti með vísan til 1. mgr. 18. gr. raforkulaga nr. 65/2003.

Virðingarfyllst,  
f.h. orkumálastjóra

  
Sigurður H Magnússon  
verkefnastjóri

  
Hanna Björg Konráðsdóttir  
lögfræðingur